



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 1/2024

Fullyrðingar Ozon ehf. um lyfjavirkni CBD, CBN og CBG vara

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Ozon ehf., rekstraraðila vefsíðunnar hempliving.is, dags. 23. júní 2023, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábendingar vegna virkni og notkunarmöguleika vara sem félagið hafi til sölu á vefsíðu sinni. Þá hafi við skoðun á vefsíðu félagsins komið í ljós að þrátt fyrir að vörur félagsins séu tilgreindar sem snyrtivörur sé að finna fjölmargar tilvísanir og upplýsingar um virkni og aðra notkunarmöguleika CBD og CBG þar sem m.a. sé gefið til kynna að hægt sé að nota vörur félagsins sem fæðubótarefni og lyf við hinum ýmsu sjúkdómum og kvillum.

Þær fullyrðingar sem birst hafi í auglýsingum á Facebook og Neytendastofa telji þurfa nánari skýringa og sannana séu eftirfarandi:

„Viltu minni verki? Betri svefn? Meiri einbeitingu?“

„Ertu með taugaverki?“

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, ásamt 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og tekið fram að Neytendastofa teldi að framangreind ákvæði kæmu til skoðunar í málinu.

2.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 5. júlí 2023. Í svarinu kom fram að Ozon selji hampvörur sem innihaldi kannabínóða sem rannsóknir sýni að bæti húðheilsu einstaklinga á marga vegu. Meðal þess sem verkjakrem sem innihaldi CBD geti gert sé að minnka bólgur sem geti leitt af sér minni verki. Einstaklingur sem sé stöðugt verkjaður sofi illa, eigi erfitt með einbeitningu og búi við skert lífsgæði. Hundruð viðskiptavina félagsins mæri



verkjakremin/olíurnar sem innihaldi CBD og hafi félagið yfirlýsingar viðskiptavina til þess að styðjast við.

Rannsóknir sem Pharma-Hemp, sem sé framleiðandi Dr. Kent Glucosamine, sendi félaginu sýni að CBD dragi úr bólgum, verndi húðina gegn oxunarálagi o.fl. Skjalið sé í viðhengi við svarbréf félagsins.

Í bréfi Neytendastofu sé talað um „fjölmargar tilvísanir og upplýsingar um virkni og aðra notkunarmöguleika CBD“. Óskað sé eftir að stofnunin bendi félaginu á þessar tilvísanir. Félagið hafi einmitt lagt mikla áherslu á að hafa ekki tilvísanir sem gætu verið villandi fyrir viðskiptavini og vilji endilega vita hvar það geti gert betur í þeim efnum. Í bréfinu sé einnig talað um CBG en CBG hafi ekki verið skilgreint sem lyfjaefni af Lyfjastofnun líkt og CBD.

Í lok bréfsins var að finna hlekk á yfirlit yfir rannsóknir á CBD húðvörum.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. september 2023, var vísað til fyrra bréfs stofnunarinnar ásamt svarbréfs félagsins. Líkt og fram komi í bréfi Neytendastofu lúti erindi stofnunarinnar að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika snyrtivara sem auglýstar séu til sölu á vefsíðu félagsins ásamt framsetningu auglýsinga og kynninga á vefsíðunni. Stofnunin telji að virða beri allt kynningar- og auglýsingarefni sem fram komi á vefsíðum söluaðila, sama hvaða nafni því efni sé gefið, heildstætt og í tengslum við þær vörur sem boðnar séu til sölu á viðkomandi vefsíðum. Í máli því er hér liggi fyrir sé ljóst að félagið auglýsi og selji snyrtivörur sem innihaldi CBD, CBG og CBN en kjósi eftir sem áður að birta auglýsinga- og kynningarefni á vefsíðu sinni með umfjöllun um aðra notkunarmöguleika og virkni CBD. Þær upplýsingar sem fram komi á vefsíðu félagsins lúti að eiginleika vöru og þeim árangri sem vænta megi af notkun hennar en m.a. sé um að ræða notkunarleiðbeiningar, staðhæfingar og fullyrðingar sem eigi ekki við um snyrtivörur þrátt fyrir að félagið selji nær einvörðungu snyrtivörur. Undir hlekknum „fróðleiksmolar“ á vefsíðu félagsins, hempliving.is, sé að finna umfjöllun um kosti og gagnsemi CBD, CBG og CBN. Þar komi m.a. fram að samkvæmt rannsóknum gætu efnin verið gagnleg við hinum ýmsum kvillum sbr. neðangreinda upptalningu:

Sársauki
Chron's sjúkdómur (IDB)
Gláka
Huntington's sjúkdómur
Bakteríudrepandi
Barátta við krabbameinsfrumur
Bættur svefn
Taugaverndandi eiginleikar
Örvun matarlystar



Bólguminnkandi

Þá komi fram að CBD sé innihaldsefni í lyfseðilskyldum taugalyfjum og að í vísindasamfélaginu sé almenn viðurkenning á jákvæðum áhrifum CBD á tauga-, ónæmis- og stoðkerfið.

Undir rekstri málsins hafi Neytendastofa fengið ábendingu um að Ozon ehf. væri einnig rekstraraðili vefsíðunnar gottcbd.is en þar sé að finna staðhæfingu um að CBD olíur séu notaðar til inntöku sem fæðubótarefni gegn alls kyns kvillum og sjúkdómum. Þá sé þar haldið því fram að í vísindasamfélaginu sé almenn viðurkenning á jákvæðum áhrifum á tauga-, ónæmis- og stoðkerfið.

Með hliðsjón af ofangreindu vilji Neytendastofa vekja athygli á 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, en þar sé kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffæra starfsemi eða vansköpun. Líkt og að ofan greini komi fram á vefsíðu félagsins að CBD, CBG og CBN geti haft læknaði mátt. Með slíkum fullyrðingum og kynningu, sem að mati Neytendastofu verði að telja að sé í beinum tengslum við sölu og auglýsingar á vörum félagsins, sé verið að fullyrða um aðra eiginleika og hlutverk en eigi við um snyrtivörur skv. skilgreiningu a. liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, um snyrtivörur. Í 1. tölul. 20. gr. reglugerðarinnar segi jafnframt: „*Þegar snyrtivörur eru merktar, boðnar fram á markaði og auglýstar skal ekki nota texta, heiti, vörumerki, myndir eða myndræn tákn eða annars konar tákn til að gefa í skyn að þessar vörur hafi eiginleika eða hlutverk sem þær hafa ekki.*“ Að sama skapi sé óheimilt að auglýsa lyf sem ekki hafi hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 en ákvæðinu sé ætlað að áréttta þá ábyrgð sem auglýsendur beri gagnvart neytendum og komi í veg fyrir að almenningur fái rangar og villandi upplýsingar um lyfjavirkni í vörum sem ekki séu lyf. Þá sé það álit Lyfjastofnunar að vörur sem innihaldi CBD og ætlaðar eru til inntöku falli undir skilgreiningu á lyfi skv. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga m.t.t. innihaldsefna og virkni þeirra. Ef félagið hyggist auglýsa og markaðssetja vörur sínar til inntöku þyrfti félagið því að sækja um skráningu varanna hjá Lyfjastofnun.

4.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, mótt. 17. september 2023. Í póstinum kom fram að félagið hafi lagt áherslu á að auglýsa vörur sínar með þeim hætti að ekki sé verið að villa um fyrir neytendum.

Félagið hafi nú yfirfarið báðar vefsíður sínar og tekið út allt það sem Neytendastofa hafi bent á að geti verið villandi en það efni hafi allt verið undir almennum fróðleik en hvergi fullyrt að vörurnar lækni sjúkdóma. Einnig sé ljóst að félagið hafi aldrei haldið því fram að húðvörurnar sem það selji séu lyf eða lyfjaefni enda sé félagið vel upplýst um að Lyfjastofnun telji CBD vera lyfjaefni.



Þakkað sé fyrir ábendingarnar og muni félagið hafa þær í huga í framtíðinni er varði efni og markaðssetningu.

5.

Með tölvupósti Neytendastofu, sendur 18. september 2023, var félaginu tilkynnt um að stofnunin teldi gagnaöflun málsins lokið og það yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi, dags. 30. nóvember 2023, tilkynnti Neytendastofa Ozon ehf. að vegna fjölda fyrirliggjandi mála væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins en vonast sé til að málið verði afgreitt innan tveggja mánaða.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika snyrtivara sem auglýstar eru á vefsíðum Ozon ehf., hempliving.is og gottcbd.is, ásamt framsetningu auglýsinga og kynninga á vefsíðunni. Í bréfum Neytendastofu kom fram að við skoðun á vefsíðu félagsins hafi komið í ljós að þrátt fyrir að vörur félagsins séu tilgreindar sem snyrtivörur sé að finna fjölmargar tilvísanir og upplýsingar um virkni og aðra notkunarmöguleika CBD, CBG og CBN þar sem m.a. sé gefið til kynna að hægt sé að nota vörur félagsins sem fæðubótarefni og lyf við hinum ýmsu sjúkdómum og kvillum.

Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæða 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, ásamt ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svörum Ozon ehf. kom fram félagið selji hampvörur sem innihaldi kannabínóða sem rannsóknir sýni að bæti húðheilsu einstaklinga á marga vegu og gagnist vel við verkjum sem leiði til betri svefns og einbeitingar. Í seinni svörum félagsins kom fram að það hafi yfirfarið báðar vefsíður sínar og tekið út allt það sem Neytendastofa hafi bent á að geti verið villandi en það efni hafi allt verið undir almennum fróðleik en hvergi fullyrt að vörurnar lækni sjúkdóma. Einnig sé ljóst að félagið hafi aldrei haldið því fram að húðvörurnar sem það selji séu lyf eða lyfjaefni.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að



viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga er kveðið á um að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum eða framsetningu efna og efnablandna ásamt því að óheimilt sé að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Þá er í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kveðið á um að það sé villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun.

3.

Fyrir liggur að Ozon ehf. hefur í markaðssetningu á vefsíðum sínum hempliving.is og gottcbd.is notað fullyrðingar um lyfjavirkni ákveðinna efna, CBD, CBG og CBN, sem



fyrirfinnst í snyrtivörum félagsins, en líkt og fram kom undir rekstri málsins telur Neytendastofa að virða beri allt kynningar- og auglýsingarefni sem fram kom á vefsíðum félagsins, sama hvaða nafni efninu var gefið, heildstætt og í tengslum við þær vörur sem boðnar voru til sölu á vefsíðum félagsins. Ozon ehf. auglýsir og selur nær einvörðungu snyrtivörur sem innihalda CBD, CBG og CBN en kýs eftir sem áður að birta auglýsingar- og kynningarefni með umfjöllun um aðra notkunarmöguleika umræddra vara. Þær upplýsingar sem fram komu á vefsíðum félagsins lutu þar að auki að eiginleikum og þeim árangri sem vænta mætti af notkun umræddra vara en m.a. sé um að ræða notkunarleiðbeiningar, staðhæfingar og fullyrðingar sem eiga ekki við um snyrtivörur þrátt fyrir að félagið selji nær einvörðungu snyrtivörur. Í fullyrðingunum kom einnig fram að efnið CBD geti verið gagnlegt við tilgreindum sjúkdómum og kvillum en fyrir liggur að vörur félagsins eru ekki skráðar sem lyf, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, en líkt og kom fram undir rekstri málsins er óheimilt að auglýsa lyf sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Með slíkum fullyrðingum og kynningarefni, sem að mati Neytendastofu verður að telja að sé í beinum tengslum við sölu og auglýsingar á vörum félagsins, er verið að fullyrða um eiginleika og virkni sem eiga almennt ekki við um snyrtivörur.

Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa jafnframt að þær fullyrðingar sem um ræðir veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni þeirra vara sem Ozon ehf. selur. Neytendur eiga að geta gengið út frá því að fullyrðingar um eins mikilvæga hagsmuni og heilsu þeirra standist og séu ekki villandi um eiginleika vörunnar. Telur stofnunin að það kunni að ýta undir að neytendur taki ákvörðun um viðskipti á grundvelli þessara upplýsinga, sem þeir hefðu annars ekki tekið og séu þar með til þess fallnar að valda því að hinn almenni neytandi taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Ozon ehf. hefur því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, auk ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með birtingu framangreindra fullyrðinga.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að brotið er gegn viðskiptaháttum sem í öllum tilvikum teljast óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Ozon ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins,



jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnvæðslulaga og að því virtu að félagið fjarlægði hinar umdeildu fullyrðingar undir rekstri málsins telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Ozon ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 200.000,- (tvö hundruð þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Ozon ehf., Súlunesi 20, 210 Garðabæ, hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um lyfjavirkni snyrtivara á vefsíðu félagsins.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Ozon ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sectina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 15. janúar 2024

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir